

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 13. jan. 2015 á Kjóavöllum.

20. fundur

Fundur hófst kl. 18:05

Mættir: Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálisdóttir, Lárus Finnbogason, Hannes Hjartarson, Linda Gunnlaugsdóttir, Hermann Vilmundarson og Magnús Benediktsson framkv.stj.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Farið yfir stöðuna gagnvart Íslandsmótunum 2015. Sprettur hafði sent formlegt erindi í desember til LH þar sem sett var fram beiðni um að halda mótin á sömu helgi, þ.e. bæði fyrir fullorðna og börn, unglinga og ungmenni. Stjórn LH hafði hafnað erindinu en eftir viðræður og annað formlegt erindi í kjölfarið frá Spretti er verið að endurskoða þessa afgreiðslu.
3. Farið yfir dagskrá vetrarins. Gengið verður frá útprentaðri dagskrá í þessum mánuði og henni dreift í húsin í lok mánaðarins.
4. Aðalfundur félagsins. Farið var yfir undirbúning fyrir aðalfund og verður hann haldinn 25. febrúar nk. Ganga þarf frá tillögum að lagabreytingum, tillögu að félagsgjaldi, uppgjöri reikninga ásamt áætlun o.fl.
5. Félagsheimilið á Hattarvöllum. Ganga þarf frá ýmsum málum vegna sölu á húsinu og síðan þarf að hreinsa út úr því, taka þá muni sem tilheyrir félaginu o.fl. Gengið verður frá kaupsamningi í þessum mánuði og húsið afhent nýjum eiganda.
6. Áhugamannadeildin. Keppni hefst 5. febrúar en þá verður keppt í fjórgangi og formleg opunarhátíð verður. Undirbúningur er í fullum gangi og mikil vinna framundan við skipulagningu.
7. Íþróttafólk Sprettis. Tekið fyrir erindi frá Sigurði Helga varðandi val á íþróttafólki Sprettis sem fjallaði að meginatriði um flokkaskiptinguna. Reglur Sprettis fylgja flokkaskiptingu Kópavogsbæjar þannig að Sprettur geti tilnefnt fulltrúa úr hestaíþróttinni en sú flokkaskipting í yngri flokkum stangast á við skiptinu LH í barna, unglinga- og ungmennaflokka. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að stofna nefnd til að fara yfir þessi mál í heild.
8. Önnur mál.
 - a. Gjaldkeri gerði grein fyrir fundi sem hann og framkvæmdastjóri áttu með Arionbanka varðandi lán og vaxtamál.
 - b. Hrossaræktarfélag Sprettis rætt og ákveðið að formaður Hrossaræktarfélagsins kynni starfsemina á næsta Aðalfundi. Hrossaræktarfélag Sprettis er sjálfstætt félag.
 - c. Snjómokstur ræddur. Mikil vinna hjá framkvæmdastjóra að ýta á bæjaryfirvöld, bæði að koma og moka. Erum ekki efst á forgangslista en erum að vinna í að komast ofar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir